

**Sp.**

**235. Fyrirspurn**

[132. mál]

til samgönguráðherra um símamál.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver er ástæða þess, að enn hefur ekki verið ráðin bót á lélegri virkni sjálfvirka símans á Snæfellsnesi — þrátt fyrir þær framkvæmdir við símann, sem unnið var að á s. l. ári? Hvenær er lagfæringa von?
2. Hvenær er áætlað að sjálfvirkur sími komi á bæi í Eyrarsveit og Helgafellsveit?
3. Hver er áætlun um lagningu sjálfvirks síma um sveitir á Vesturlandi? Eru uppi áform um að koma á næturþjónustu í þeim símstöðvum, sem annast þjónustu við sveitirnar, þar til sjálfvirkur sími leysir slíka þjónustu af hólmi?
4. Hver er ástæðan fyrir því, að ekki er einn og sami gjaldflokkur fyrir símtöl milli eftirtalinna staða:
  - a) Stykkishólms, Grundarfjarðar, Ólafsvíkur og Hellissands,
  - b) Hvalfjarðar, Akraness, Borgarness og Hvanneyrar?
5. Eru fyrirhugaðar á næstunni breytingar á gjaldskrá landsímans til jöfnunar símakostnaðar?